



Stefna Stúdentaráðs Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1 Kennslumál	4
1.1 Rafræn kennsla og fjarnám	4
1.2 Gæði kennslu	4
1.3 Aðgengi og fjölbreytileiki náms	5
1.4 Diplómanám	5
1.5 Ævinám (e. Lifelong learning)	5
2 Nýsköpunar- og atvinnulífsmál	7
2.1 Tengsl náms og atvinnulífs	7
2.2 Atvinnutækifæri að námi loknu	7
2.3 Sumarstörf	7
3 Húsnæðismál	9
3.1 Húsnæðisbyrði	9
3.2 Stúdentaíbúðir	9
3.3 Almenni leigumarkaður	10
3.4 Menntasjóður námsmanna	11
3.5 Réttur til opinbers húsnæðisstuðnings	11
4 Fjölskyldumál	12
4.1 Fjölskylduvænt háskólasamfélag	12
4.2 Fæðingarstyrkur námsmanna	12
4.3 Leikskólar Félagsstofnunar stúdenta	13
5 Jafnréttismál	14
5.1 Jafnt aðgengi að námi	14
5.3 Jafnréttis og hinsegin fræðsla	14
5.4 Ókyngreind salerni	15
5.5 Aðgengismál	15
5.6 Jafnrétti kynjanna	16
6 Fjárhagslegt öryggi stúdenta	17
6.1 Lánasjóðsmál	17
6.2 Atvinnu- og tekjuöryggi	18
6.3 Skrásetningargjald	18



Stúdentaráð Háskóla Íslands

6.4 Fjármögnun háskólastigsins	19
7 Umhverfis- og loftslagsmál	20
7.1 Loftslagsmarkmið	20
7.2 Grænn háskóli	20
7.3 Grænkerafæði	21
8 Samgöngu- og skipulagsmál	22
8.1 Skipulag háskólasvæðisins	22
8.2 Samgöngumátar	22
8.3 Örfæðilausnir	23
9 Alþjóða- og menningarmál	24
9.1 Staða Alþjóðafulltrúa	24
9.2 Aurora samstarfið	25
10 Heilbrigðismál	26
10.1 Heilbrigðismóttaka á háskólasvæðinu	26
10.2 Geðheilbrigðismál	26

Inngangur

Stúdentaráð Háskóla Íslands (hér eftir Stúdentaráð) var stofnað 4. desember 1920 og gengu stúdentar við Háskóla Íslands fyrst til kosninga um sín eigin heildarsamtök 11. desember sama ár. Frá upphafsárum Stúdentaráðs hefur mikið vatn runnið til sjávar og er óhætt að segja að samtökin hafi orðið að kröftugu hagsmunaaflí. Meginhlutverk Stúdentaráðs er að standa vörð um réttindi stúdenta undir öllum kringumstæðum, jafnt innan sem utan háskólasamfélagsins, og gæta að faglegri meðhöndlun hagsmunamála. Stúdentaráð samanstendur af fimm einingum sem eru kjörið ráð, níu fastanefndir, fimm sviðsráð, stjórn og réttindaskrifstofa. Kerfið er þannig uppbyggt að starfsemi ráðsins gangi fyrir sig með sem skilvirkustum hætti.

Markmið Stúdentaráðs er að skapa í sameiningu með stúdentum, Háskóla Íslands, Félagsstofnun stúdenta og öðrum hagaðilum eða velunnurum háskólasamfélagsins, öflugan háskóla sem er leiðandi í íslensku samfélagi sem og á alþjóðavettvangi. Áhersla er lögð á samheldið háskólasamfélag og þau gæði og aðföng sem við eigum og í senn að betrumbæta þau. Stúdentar eiga að upplifa sig sem þátttakendur í háskólasamfélaginu en að slíku stuðlum við með því að fyrst og fremst tryggja aðgengi allra að námi óháð félagslegum eða efnahagslegum bakgrunn.

Stefna þessi er byggð á yfirlýstum afstöðum Stúdentaráðs í stærstu málaflokkum stúdenta við Háskóla Íslands og er markmið hennar að vera leiðarvísir í starfi ráðsins sem og leiðbeinandi gagn fyrir öll sem vinna að hagsmunum stúdenta. Mikilvægt er að Stúdentaráð sé með skýra sýn á málaflokkum stúdenta og gerir stefnan ráðinu kleift að draga saman helstu áhersluatriði hvers málaflokks. Stefnan tryggir að vinna Stúdentaráðs byggi á samspili málaflokkanna, sé samfelld og staðni ekki.

Stefnan var samþykkt af Stúdentaráði á skiptafundi 18. maí 2022.

1. Kennslumál

Kennslumál er eitt þeirra grundvallaratriða sem hagsmunabarátta stúdenta snýst um. Kennslumál eru stúdentum og starfsfólki Háskóla Íslands mjög hugleikin enda er Háskóli Íslands einkum byggður á tveimur stólpum, kennslumálum og rannsóknum. Kennslumál er víðfeðmur málaflokkur og síbreytilegur. Mikilvægt er að háskólinn viðhaldi gæði kennslu og náms á öllum tímum en þrói í senn kennsluaðferðir og námsmat.

Til þess að tryggja að kennslumál séu ávallt í framþróun og séu miðuð út frá hagsmunum stúdenta, er mikilvægt að virkt samráð við stúdenta sé til staðar. Kennslukannanir og mat á kennslumálum er undirstöðuatriði þegar kemur að framþróun kennslumála við Háskóla Íslands. Stúdentar eiga alltaf að geta veitt endurgjöf fyrir það sem þeir leggja fyrir sig innan háskólans.

1.1 Rafræn kennsla og fjarnám

Hópur stúdenta er fjölbreyttur og er mikilvægt að háskólinn reyni að mæta þörfum hans eins og hægt er. Til þess að tryggja aukið aðgengi að námi þarf framþróun í rafrænum kennsluháttum að vera til staðar, t.a.m.. með streymi eða upptökum fyrirlestra sem síðan eru aðgengilegir til lengri tíma. Þá myndi það jafnframt gagnast vel þegar skoðað væri að bjóða upp á einstaka námsleiðir í fjarnámi.

Það þarf bæði að þróa rafræna kennsluhætti og fjarnám til þess að nám við Háskóla Íslands sé samkeppnishæft við aðra skóla, innanlands og erlendis, og henti ólíkum nemendum skólans. Það verður að þróa námsleiðir jafnt og þétt til gera þær að heildstæðum brautum í fjarnámi og ganga úr skugga um að gæðakröfum sé þannig fylgt eftir og uppfyllt.

1.2 Gæði kennslu

Tryggja þarf að kennsla og þekking innan Háskóla Íslands sé með bestu gæðum. Mikilvægt er að kennsla undirbúi stúdenta og geri þeim kleift á að takast á við verkefni innan sem utan háskólasamfélagsins og starfa sem sjálfstæðir einstaklingar eftir brautskráningu. Stúdentaráð leggur áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og horft er til þess að hverfa frá námsmati sem byggist upp í megindráttum á viðamiklu lokaprófi. Formlegt nám eða staðpróf eru ekki eina leiðin til að tryggja gæði kennslu; hægt er að beita vendikennslu eða öðrum nýstárlegri kennsluháttum sem er í takt við

framþróun í skólum sem HÍ leitast við að bera sig saman við. Kennslunefndir fræðasviða eiga að tryggja samræmi milli einingafjölda og álags. Umræða og samráð þarf að eiga sér stað milli sviða svo hægt sé að ganga úr skugga um að einingar endurspegli sambærilega vinnu eftir sviðum. Þá þarf að tryggja samræmi og jafnræði þvert á svið.

1.3 Aðgengi og fjölbreytileiki náms

Mikilvægt er að öll séu velkomin í skólann og geti stundað nám við sitt hæfi og á sínum forsendum, og því er það áhersluatriði að bjóða upp á fjölbreytt námsframboð fyrir nemendur með þroskahömlun og gera skólann og byggingar aðgengilegar fyrir fólk með fötlun. Réttur stúdenta þarf að vera tryggður í kennslu og námsmati, þ.m.t. með notkun nemendanúmera og á réttur stúdenta að vera tryggður milli sviða. Þannig er mikilvægt að kennarar gæti hlutleysis í námsmati og til að renna stoðum undir það ættu allir kennarar að fá jafnréttisfræðslu áður en þeir hefja störf við HÍ eða kenna áfanga. Mikilvægt er að tryggja jafna meðferð stúdenta óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, fötlun, aldri eða öðrum slíkum breytum.

1.4 Diplómanám

Stúdentaráð hefur lagt mikla áherslu á að það þurfi að beita þrýstingi á stjórnslu háskólans um að fjölga plássum í starfstengdu diplómanámi sem og að nemendur í starfstengdu diplómanámi hafi aðgang að námsleiðum á fleiri sviðum en Menntavísindasviði. Það er mikilvægt að nýnemar fái tækifæri til að vera teknir inn árlega og geti stundað nám út frá sínu áhugasviði í samræmi við aðra nemendur háskólans.

1.5 Ævinám (e. Lifelong learning)

Háskóli Íslands þarf að veita stúdentum verkfæri, leikni og færni til að stunda ævinám¹. Ævinám nær út fyrir veggja háskólans. Háskólar undirbúa stúdenta fyrir líf eftir skóla og skila þekkingu út í samfélagið.

¹ **Ævinám:** Allt það námsstarf sem fram fer á mannsæfni og stuðlar að því að auka þekkingu, verksvit, leikni, færni og/eða hæfi hvort sem er í einstaklingsbundnum, félagslegum eða faglegum tilgangi. ([CEDEFOP, Orðaskrá um evrópska menntastefnu](#))



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Til að styðja við jákvæða þróun í samfélaginu og koma í veg fyrir stöðnun einstaklinga í félagslegum og faglegum aðstæðum þurfa kennslumál innan háskólans að styðja við ævinám, auka gagnrýna hugsun og einstaklingþroska.

2. Nýsköpunar- og atvinnulífsmál

Nýsköpun er ein forsenda framfara sem auðgar háskólasamfélagið og eflir nám stúdenta auk þess að skapa frekari tækifæri fyrir nemendadrifin verkefni. Atvinnutækifæri skapast út frá aukinni áherslu á nýsköpun og ættu þeir málaflokkar að vera órjúfanlegur hluti háskólasamfélagsins. Mikilvægt er að Háskóli Íslands leggi ekki einungis kapp á að kenna stúdentum fyrirbyggjandi þekkingu heldur ýti undir að stúdentar sjálfir leggi til hennar með nýsköpun.

2.1 Tengsl náms og atvinnulífs

Starfsnám er ákveðin brú milli náms og atvinnulífs en á sama tíma þarf að hafa hugfast að framlag stúdenta sé metið af verðleikum sínum. Stúdentar þurfa að fá umbunað fyrir vinnu sína með því að t.d. að fá hana metna inn á námsferil sinn, eða greitt með launum. Tryggja þarf möguleika stúdenta á að sækja sér starfsnám óháð fjárhagsstöðu þeirra.

Verknám er einnig hluti af ýmsu námi og órjúfanlegur partur kennslu til að uppfylla kröfur og gæði námsins. Það þarf að liggja fyrir föst umgjörð um slíkt svo sanngirni ríki milli ólíkra námsbrauta. Tryggja verður að stúdentar hafi réttindi líkt og annað vinnandi fólk og tekið sé tillit til aðstæðna þeirra. Sérstaklega ber að nefna verknám á Heilbrigðisvísindasviði í þeim skilningi. Það tíðkast víða, og jafnvel í einhverjum mæli innan Háskóla Íslands, að stúdentar geri lokaverkefni í samvinnu við fyrirtæki og það ber að efla.

2.2 Atvinnutækifæri að námi loknu

Aukin tengsl atvinnulífs og skipulagðs náms gerir Háskóla Íslands samkeppnishæfari og auðveldar stúdentum að fara úr akademísku umhverfi og inn á vinnumarkað. Tengslatorg er mikilvægur liður í þessari brú í lífi fólks, gera því hærra undir höfði og ýta undir starfsemina sem og stækka hana.

2.3 Sumarstörf

Stjórnvöld og háskólar landsins þurfa að vinna að því í sameiningu að að skapa sumarstörf fyrir stúdentum og tryggja þar með að stúdentar hafi starfsöryggi yfir sumartímann. Með því að skapa



Stúdentaráð Háskóla Íslands

svoleiðis tækifæri til frambúðar er hægt nýta samtvinnun náms og vinnu í hag allra sem koma að, stúdentar geta eftt þá þekkingu sem þeir búa yfir og fengið frekari þjálfun á því sviði. Hér er um að ræða úrræði fyrir núverandi og framtíðar námsfólk og því lykilatriði að skipulagning, útfærsla og framkvæmd sé með bestu móti. Stúdentar verða að búa við fjárhagslegt öryggi og er sumarstarf órjúfanlegur hluti af slíku.

3. Húsnæðismál

Öruggt húsnæði er stúdentum hugleikið hagsmunamál og er aðgengi að stúdentaíbúðum í nálægð við háskólasvæðið þar lykilatriði en ekki síður bætt staða á húsnæðismarkaði hvað varðar framboð, kostnað og gæði leiguhúsnæðis. Ungt fólk og tekjulágir eru töluvert líklegri en aðrir hópar til þess að vera á leigumarkaði sem óneitanlega felur í sér minna húsnæðisöryggi og hærri húsnæðiskostnað í samanburði við eigin fasteign.

3.1 Húsnæðisbyrði

Aðgerða er þörf til þess að gera stúdentum kleift að fóta sig á leigumarkaði. Stúdentar eru að jafnaði með minni tekjuöflunar möguleika en aðrir hópar og því sérstaklega viðkvæmir fyrir miklum hækkunum á leiguverði. Það má ekki vanmeta þau áhrif sem fjárhagsáhyggjur og óöruggt húsnæði getur haft á ákvörðun fólks um að sækja sér nám. Stúdentar skiptast innbyrðis í mismunandi hópa í mismunandi stöðu og geta borið ólíkar skuldbindingar sem og búið við gjörólíkar aðstæður.

Húsnæði er einn helsti útgjaldaliður heimila og skiptir greiðslubyrði fólks af húsnæðiskostnaði lykilmáli fyrir velmegun þess. Með tryggum hætti verður koma í veg fyrir að stúdentar greiði húsnæðiskostnað sem nálgast eða telst vera íþyngjandi. Fara verður eftir markmiðum laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 um að húsnæðisöryggi þeirra sem eru undir tekju- og eignamörkum sé bætt með því að til staðar sé viðeigandi leiguhúsnæði og stuðla að því að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu leigjenda.

3.2 Stúdentaíbúðir

Uppbygging stúdentagarða fyrir stúdenta við Háskóla Íslands hefur verið í afar góðum farvegi en hún verður þó að eiga sér stað jafnt og þétt þannig að hægt sé að halda í við þörfina og komið sé í veg fyrir húsnæðisskort til framtíðar. Það er ekki sjálfgefið að stúdentar geti gengið að íbúð á stúdentagörðunum í grennd við skólann og verður það að skoða af þar tilbærum stjórnvöldum. Aðgengi að stúdentaíbúðum er einna helst mikilvægt fyrir fólk af landsbyggðinni, erlenda nema og aðra sem ekki geta treyst á annað húsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Stúdentaráð hefur í tímans rás átt í farsælu samstarfi við Félagstofnun stúdenta sem hefur meðal annars staðið vörð um húsnæðisöryggi stúdenta. Uppbyggingarstefna stofnunarinnar leggur áherslu á sjálfbærni og sköpun nærsamfélags stúdenta við háskólasvæðið sem er í samræmi við framtíðarsýn Stúdentaráðs. Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg hafa stutt við uppbyggingu garðanna með lóðaúthlutunum og stuðlað þannig að þéttingu háskólasvæðisins og sameiningu starfseminnar.

Stuðningur frá fleiri sveitarfélögum allt landið um kring getur stuðlað að aukinni uppbyggingu stúdentaíbúða. Sá stuðningur hefur hingað til verið bundinn við lóðaúthlutanir. Kanna má hvort tilefni sé til þess að sveitarfélög styðji við með öðrum hætti, þar sem stúdentar sem koma utan höfuðborgarsvæðisins treysta einna mest á þjónustu Stúdentagarða. Stúdentagarðar eru til þess gerðir að vera praktískir, á sanngjörnu og viðráðanlegu verði og eru ekki reknir í hagnaðarskyni þó þeir séu á á dýrustu reitunum við háskólann.

3.3 Almenni leigumarkaður

Aðstæður stúdenta eru auðvitað hluti af stærra vandamáli á íslenskum húsnæðismarkaði, sem er lítill og stíður. Hagaðilar hans þurfa að koma saman til finna. Greiða þarf nauðsynlega úr flækjunum sem gera markaðinn lítinn og stíðann, og gera stúdentum erfitt og oft nær ómögulegt að standa straum af húsnæðiskostnaði. Finna verður langtímalausnir sem stuðla að bættri stöðu allra leigjenda.

Ágætt er að hafa í huga að töluverður munur er á leiguverði á stúdentagörðum og á almennum leigumarkaði. Sé litið til meðalleiguverðs er augljóst að það er mun dýrara að leigja á almennum markaði og því miklir hagsmunir fólgnir í því að stúdentar sem ekki komast að á stúdentagörðum geti búið við svipaðan húsakost á ásættanlegu leiguverði.

Nánast hvar sem stigið er niður í húsnæðismálum stúdenta á Íslandi er einhverju ábótavant. Vilji löggjafans er þannig ekki alltaf skýr, líkt og í markmiðum laga um almennar íbúðir um byrði húsnæðiskostnaðar og hversu langt slík markmiðasetning nær umfram þá einu löggjöf. Þá eru dæmi um að þau kerfi sem eiga að styðja við stúdenta á meðan námi stendur taki ekki tillit til raunverulegra aðstæðna.

3.4 Menntasjóður námsmanna

Það er áhyggjuefni að ráðstöfunartekjur stúdenta dugi ekki til að greiðslu á leigu á stúdentagörðum og þess þá heldur á hinum almenna leigumarkaði. Jafnframt er það varhugavert að viðbótarlán Menntasjóðs námsmanna vegna húsnæðiskostnaðar dugi skammt og taki ekki mið af almennum markaði. Upphæð lánsins virðist að einhverju leyti vera miðuð við leigu á stúdentagörðum en er töluvert frá því að ná leiguverði á almennum markaði.

Stúdentar verða að eiga í sig og á þannig að það sé raunhæfur valkostur fyrir þau að sækja sér menntun. Á meðan enn er ekki nægt framboð af stúdentaíbúðum ætti ekki að miða lán vegna húsnæðiskostnaðar til allra lántaka við leigukostnað í félagslegu kerfi.

3.5 Réttur til opinbers húsnæðisstuðnings

Fjárhagslegur húsnæðisstuðningur hins opinbera er háður ýmsum skilyrðum skapar misræmi af aðallega tveimur ástæðum. Önnur þeirra er sú að almenna húsnæðisbóta kerfið gerir strangari kröfur til húsnæðis á almennum markaði en til sambærilegra íbúða á stúdentagörðum. Hin ástæðan er sú að möguleiki á stuðningi mismunandi eftir því hvar stúdentar búa og hvar þeir hafa lögheimili, en sérstakur húsnæðisstuðningur er bæði breytilegur milli sveitarfélaga og háður því að aðsetur og lögheimili sé í sama sveitarfélagi. Þetta veldur aðstöðumun milli stúdenta.

Undanfarinn áratug hafa ítrekað verið lögð fram frumvörp um rýmkaðan rétt stúdenta til húsnæðisbóta sem ekki hafa náð fram að ganga. Þrátt fyrir það er vert að benda á tilætluð áhrif þeirra þingmanna sem lagt hafa málið fram eru að jafna stöðu stúdenta á almennum markaði samanborið við þá stúdenta sem leigja af stúdentagörðum. Erfitt er að ímynda sér í fljótu bragði aðgerðir á húsnæðismarkaði sem geta með áþreifynlegum hætti tekið á þeim mikla aðstöðumun sem nú er á milli þessara tveggja hópa.

Brýnt er að endurskoða undanþágur fyrir stúdenta á reglum um almennar húsnæðisbætur þannig að þær gildi óháð því hvort leigt sé á stúdentagörðum eða á almennum leigumarkaði. Reglur um sérstakar húsnæðisbætur ættu þess að auki að vera samhæfðari milli sveitarfélaga og undanþága á sérstökum húsnæðisstuðningi fyrir námsfólk vegna staðsetningu húsnæðis ætti ekki einungis að eiga við um námsfólk undir 18 ára.

4. Fjölskyldumál

Þegar ræða á málefni stúdenta er mikilvægt að huga að því að stúdentar eru fjölbreyttir og aðstæður þeirra sömuleiðis. Kjör stúdenta geta tekið breytingum eftir því hvernig fjölskyldumálum þeirra er háttað. Í því samhengi er mikilvægt að undirstrika að þó að stúdent eigi börn, sé giftur, einhleypur eða barnslaus þá eiga stúdentar rétt á að standa jafnfætis og njóta stuðnings innan háskólasamfélagsins og velferðarkerfisins. Til þess að geta varið og beitt sér fyrir hagsmunum stúdenta við Háskóla Íslands, þarf hagsmunagæsla að vera heildræn og t.a.m. taka mið af málefnum stúdenta sem eiga fjölskyldur og standa vörð um hagsmuni þeirra.

4.1 Fjölskylduvænt háskólasamfélag

Háskólasamfélagið þarf að vera opið öllum stúdentum, þar á meðal foreldrum í námi og börnum þeirra. Til þess að auka aðgengi þeirra að námi, þarf að stuðla að fjölskylduvænna umhverfi og aðstöðu. Með því er átt við að háskólaumhverfið taki mið af þörfum þessa hóps, sem skiljanlega reiða sig á annars konar nauðsynjar en barnlausir stúdentar. Foreldrar í námi krefjast frekari skilnings og sveigjanleika, t.a.m. í prófatíð og í skólafríum skólastiga barna.

4.2 Fæðingarstyrkur námsmanna

Foreldrar í námi standa höllum fæti er kemur að fæðingarstyrk námsmanna og fæðingarstyrk fólks utan vinnumarkaðar. Fæðingarstyrkjagreiðslur eru lægri samanborið við greiðslur úr fæðingarorlofssjóði fyrir sama starfshlutfall og veldur það misræmi milli foreldra í námi og foreldra á vinnumarkaði. Endurskoða og leiðrétta þarf umgjörð fæðingarstyrkja námsmanna svo greiðslur fæðingarstyrkja verði jafnar greiðslum úr fæðingarorlofssjóði. Greiðslur til nýbakaðra foreldra ættu ekki að vera áunnin réttindi foreldris, heldur réttur barns að fjölskylda þess geti lifað í stöðugleika á meðan umönnun þess er í forgangi, óháð því hvort foreldrar þess séu í námi eða starfi.

4.3 Leikskólar Félagsstofnunar stúdenta

Aukin aðsókn í Háskóla Íslands skilar sér í fleiri stúdentum sem eiga fjölskyldur. Til þess að tryggja að börn stúdenta geti sótt leikskóla Félagsstofnunar stúdenta, þurfa þeir að stækka eða fjölga eftir því sem þörf krefur svo leikskólalássu fylgi í takt við eftirspurn.

5. Jafnréttismál

Jafnréttismálin eru einn stærsti málaflokkur sem teygir anga sína víða og ekki síst innan Háskóla Íslands. Háskólasamfélag sem stuðlar að jöfnu aðgengi fólks á að vera sjálfsagt enda byggir hlutverk, eiginlegar og uppbygging menntastofnunar á því. Betur má ef duga skal og verður Háskóli Íslands að koma til framkvæmda brýnum jafnréttis og hagsmunamálum í takt við heildarstefnu sína og óskir stúdenta sem og starfsfólks. Má þar helst nefna aðgengismál, hinsegin mál og jafnrétti kynjanna, þó listinn sé vitaskuld ekki tæmandi.

5.1 Jafnt aðgengi að námi

Jafn og hindranalaust aðgengi að námi á að vera venjan í stærstu menntastofnun landsins óháð félagslegum eða efnahagslegum bakgrunni. Háskóli Íslands á að geta þjónað öllu íslensku samfélagi en því markmiði er ekki ráð nema að nemendahópurinn og starfsfólk hans séu úr öllum kimum þess. Verkefni á borð við Sprett gefur t.a.m. framhaldsskólanemendum af erlendum uppruna frekari tækifæri á að fóta sig í háskólasamfélaginu. Það er hins vegar mikilvægt að stuðningur, aðstoð og eftirfylgni sé gegnumgangandi á háskólagöngu fólks.

5.3 Jafnréttis og hinsegin fræðsla

Jafnréttisfræðsla á að vera skylda fyrir bæði stjórnslu og stúdenta við Háskóla Íslands. Stúdentaráð telur að hún sé mikilvæg til að tryggja að enginn nemandi né kennari verði fyrir mismunun. Sú stefna var samþykkt í stefnu Heilbrigðisvísindasviðs árið 2020-2021 og á það að gilda fyrir hvert svið. Hinsegin fræðsla er ekki síður mikilvæg og verður hún að standa til boða til jafns við aðra jafnréttisfræðslu. Slík fræðsla er t.a.m. liður í því að uppræta fordóma sem kunna að þrífast og koma í veg fyrir mikilvæg skref fyrir háskólann að stíga í átt að frekari framförum.

Kynlaust fagmál hefur verið mikið til umræðu síðustu ár í íslensku tungumáli því það gengur ekki út frá gagnkynhneigðu regluverki, kynjatvíhyggju eða forræðishyggju gagnvart þeim sem eru fötluð, hinsegin, með geðræn vandamál eða eru af erlendum uppruna. Stúdentaráð krefst þess að kynlaust fagmál verði venja frekkar en undantekning innan háskólasamfélagsins.

5.4 Ókyngreind salerni

Stúdentaráð styður málefni hinsegin stúdenta og hinsegin samfélagsins í heild sinni heilshugar. Aðgengi að ókyngreindum salernernum er ábótavnt í háskólanum og gerir það erfitt fyrir stúdenta sem slík salerni kjósa að sækja kennslustundir. Ókyngreining salerna hefur verið mikið baráttumál hagsmunafélaga við Háskóla Íslands og eru salerni sem ekki eru merkt tilteknu kyni og ekki merkt eða útbúið sérstaklega fyrir fatlað fólk.

Fjölgun slíkra salerna er háð annars vegar reglugerð um húsnæði vinnustaða sem heyrir undir félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytið og hins vegar reglugerð um hollustuhætti sem heyrir undir umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið. Í samstarfi við hagsmunafélögin verður Stúdentaráð að beita sér fyrir því að nauðsynlegar reglubreytingar eigi sér stað þannig að hægt sé að fjölga salernum með réttu móti. Sömuleiðis skal Háskóli Íslands leitast eftir því að tryggja aðgengileg salerni fyrir öll, sé það með því að taka salerni í gegn eða tryggja að þau komi til með að standa til boða í nýjum byggingum.

5.5 Aðgengismál

Aðgengismálum við Háskóla Íslands er mjög ábótavant. Háskólinn verður að geta tryggt að fatlaðir stúdentar hafi kost á því að stunda nám í húsakynnum skólans. Það er ekki háskólanum sæmandi að stórum hópum samfélagsins mismunað eins og raun ber vitni með skertu aðgengi að byggingum, skólastofum og öðrum rýmum. Það er ekki síður hlutverk Háskóla Íslands að stand við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, líkt og aðrar ríkisstofnunum ber að gera.

Langveikir og fatlaðir stúdentar hafa oft ekki aðra valmöguleika en að segja skilið við nám sitt þar sem kennslustofur og kennsluhættir eru óaðgengilegir. Sem dæmi má nefna að námskeið sem ekki bjóða upp á upptökur á fyrirlestrum gera fötluðum stúdentum erfitt að fylgja námskrá þegar þeir sjá sér ekki fært að mæta í tíma. Þegar kemur að kennslustofum og fyrirlestrasölum verða hjólastólanotendur að geta haft góða aðstöðu til að sitja kennslustundina. Þá er vert að nefna að aðgengi í víðum skilningi nær einnig til punktalesturs, leiðarlína, túlkþjónustu og annarra sambærilegra þátta.

5.6 Jafnrétti kynjanna

Mikilvægt er að háskólasamfélagið vinni markvisst að því að stuðla að jafnrétti meðal kynjanna. Síðustu ár hefur mikill meirihluti nemenda Háskóla Íslands verið konur eða í kringum 69%. Hlutfall karla og kvenna í háskólanum, og skipting kynjanna eftir fræðasviðum og deildum, er sterk vísbending um lárétta kynjaskiptingu vinnumarkaðar. Konur eru mun fleiri í helstu heilbrigðisvísindum, menntavísindum og félagsvísindum, á meðan leikurinn er jafnari í hugvísindum og karlar fleiri í verkfræði- og náttúruvísindum. Ennfremur verður áfram að leita leiða til að auka hvata fyrir einstaklinga að sækja nám og jafna þannig hlutföllin.

Áfram verður að sporna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni innan veggja háskólans. Kvenfyrirlitningu og karllægum viðhorfum þarf að útrýma í kennslu og eins verður að gera kvenkyns akademískum sérfræðingum hærra undir höfði.

6. Fjárhagslegt öryggi stúdenta

Veruleiki stúdenta er sá að fátt má fara úrskeiðis á skólagöngunni án þess að það setji fjárhagslega byrði stúdenta á hliðina. Nám á að vera full vinna en aðstæður gera mjög fáum kleift að einbeita sér að því að fullu. Þá er fjárhagslegur stuðningur við fólk í námi af skornum skammti. Markmið námslánakerfisins á að vera að veita stúdentum stuðning en aðgengið að því og kjörin sem standa til boða grípa ekki allan stúdentahópinn. Til viðbótar skarast það á við önnur kerfi sem stúdentar þurfa að sækja í, svo sem atvinnuleysistryggingasjóð og fæðingarorlofssjóð. Útgjöldin safnast fljótt saman og án fjárhagslegs baklands eiga stúdentar erfitt með að ná endum saman.

6.1 Lánasjóðsmál

Hlutverk lánasjóðsins er að vera félagslegur jöfnunarsjóður sem veitir námsaðstoð og er stúdentum tækifæri til framvindu og framlags. Þannig að sjóðurinn uppfylli það hlutverk telur Stúdentaráð brýnt að gera nauðsynlegar breytingar á kerfinu. Sjálfbærnis hugsjón sjóðsins verður að heyra sögunni til. Gangi hvatakerfið upp, þ.e.a.s. að stúdentar klári námið á tilsettum tíma og fari út á vinnumarkað hraðar, mun það skila skatttekjum og sparnaði í skólakerfinu upp á 1-3 milljarða króna árlega² og er Stúdentaráð þeirrar skoðunnar að það fjármagn eigi að renna aftur til sjóðsins.

Ljóst er að lág framfærsla skerðir aðgengi að menntun og er ein helsta ástæða þess að íslenskir stúdentar vinna mun meira með námi en stúdentar í nágrannalöndunum. Vegna þessa er nauðsynlegt að í framhaldinu sé samspil frítækjumarkans og grunnframfærslunnar vandlega skoðað. Fara verður í ítarlega greiningu á hækkun, afnámi, þrepaskiptingu eða öðrum breytingum sem hægt væri að gera á frítækjumarkinu. Einnig verður viðbótarlán vegna húsnæðis að taka breytingum, en niðurstöður [skýrslu Stúdentaráðs um stúdenta á húsnæðismarkaði](#) sýna að margir þeirra bera háa kostnaðarbyrði vegna húsaleigu. Vísitala leiguverðs hækkaði um 41% frá 2017-2021 en viðbótarlán Menntasjóðsins vegna húsnæðiskostnaðar hækkaði aðeins um 11% á sama tíma.

Eftir sem áður undirstrikar Stúdentaráð mikilvægi þess að upphæðir námslána séu endurskoðaðar til hækkunar árlega, að lágmarki í samræmi við verðlagsþróun. Í núgildandi lögum eru engin fyrirmæli um endurskoðun með reglubundnum hætti og því ekkert sem skyldar stjórn Menntasjóðsins eða ráðherra

² Samkvæmt [útreikningum](#) Summu ráðgjafar ehf fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

til að bregðast við þegar þörf krefur. Þá krefst Stúdentaráð lægra vaxtaþaks eða 1% líkt og áður var hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, til að kom í veg fyrir aukna óvissu fyrir lántaka og verri lánakjör. Tekjutenging skal einnig afnumin þar sem hún skerðir aðgengi að námi og mismunar þeim sem höfðu ekki tök á að fara í nám fyrir á lífsleiðinni.

Markviss og ásættanlegur stuðningur við námsfólk er fjárfesting þegar til langs tíma er litið og þar með ávinningur fyrir samfélagið, því það er það sem nýtur í miklum mæli góðs af. Kerfið verður að hanna með hag stúdenta í forgrunni.

6.2 Atvinnu- og tekjuöryggi

Stúdentaráð stendur við kröfu sína um réttindi stúdenta til atvinnuleysisbóta og telur nauðsynlegt að tryggja þann rétt í lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006. Almenn skilyrði þess að launamaður eigi rétt á atvinnuleysistryggingum skv. 13. gr. laganna er að vera í virkri atvinnuleit, en skv. 14. gr. laganna teljast stúdentar ekki vera það og eiga því almennt ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Gert er ráð fyrir því að námsfólk snúi sér að námslánakerfinu en það hins vegar neyðir námsfólk til að leita út á vinnumarkaðinn vegna bágra kjara.

Atvinnuleysisbótakrafa Stúdentaráðs snýst um að allir stúdentar sem þurfa að sækja sér fjárhagsaðstoðar, sökum atvinnuleysis, hafi kost á því til jafns við aðra vinnandi landsmenn. Samkvæmt 3. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990 renna tekjur ríkisins af atvinnutryggingagjaldi, sem greitt er af launum starfsfólks, til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga. Í dag er gjaldið 1,35% af launum alls vinnandi fólks og þar á meðal stúdenta. Þrátt fyrir þessa staðreynd eru stúdentar undanskildir atvinnuleysistryggingakerfinu og sviptir fjárhagslegu öryggi fyrir það eitt að stunda nám.

6.3 Skrásetningargjald

Stúdentaráð telur að skrásetningargjaldið við Háskóla Íslands rúmist ekki innan ramma laga um opinbera háskóla og eigi að endurskoða með það að markmiði að lækka það eða afnema. Skrásetningargjaldið á að standa undir kostnað við þjónustu sem nemendum býðst við háskólann. Innheimta þeirra er bundin **tveimur skilyrðum** samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga um opinbera háskóla.

Annars vegar að gjöldin skuli ekki skila háskóla hærri tekjum en sem nemur samanlögðum útgjöldum vegna nemendaskráningar og ákveðinnar þjónustu og hins vegar að þjónustan sem rúkað er fyrir megi ekki teljast til kostnaðar við kennslu og rannsóknarstarfsemi. Stúdentaráð telur að sá kostnaður sem tekinn er til vegna gjaldsins við Háskóla Íslands feli í sér þjónustu umfram lögbundið hlutverk skólans og fari því í bága við lög.

Skrásetningargjaldið er auknar álögur á stúdenta sem nú þegar vinna í miklum mæli meðfram námi. Það takmarkar þannig aðgengi að háskólamenntun og skerðir jafnrétti allra til náms.

6.4 Fjármögnun háskólastigsins

Háskóli Íslands er opinber ríkisstofnun og er það ábyrgð stjórnvalda að tryggja að fjárframlögin til skólans séu viðunandi. Til þess að háskólinn geti verið samkeppnishæfur í því umhverfi verður að styrkja innviði hans og skapa honum sérstöðu þannig að hann geti verið leiðandi í vísinda, kennslu og rannsóknarstarfsemi. Bætt fjárheimild gerir skólanum kleift að sinna grunnstarfsemi sinni, sem einkum er byggð á tveimur stólpum: kennslumál og rannsóknir. Undirfjármögnun háskólans í hvaða mynd sem hún birtist er hindrun að menntun.

7. Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsmál varða alla stúdenta. Huga þarf að málaflokknum bæði innan háskólasamfélagsins sem og utan þess. Mikilvægt er fyrir Stúdentaráð að samtvinna umhverfis- og loftslagsmál í starfseminu sína og að það vægi þeirra séu mikil í allri ákvarðanatöku ráðsins.

7.1 Loftslagsmarkmið

Með þeim mest aðkallandi verkefnum samtímans er loftslagsváin. Stúdentaráð hefur sett sér há markmið í samfloti við loftslagsverkfallið og krefst aðgerða í þeim málum. Fyrsta skrefið er að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og til þess þarf vilja stjórnvalda. Því næst að 4% landsframleiðslu fari til málaflökks loftslagsmála og að loftslagsmarkmiðin þess efnis verði lögfest. Innan háskólans stefnir Stúdentaráð að setja sér ávallt græn markmið í starfi sínu og hvetja fastanefndir ráðsins til að hafa viðburði og starf sitt sem umhverfisvænasta. Þá telur Stúdentaráð að Háskóli Íslands, sem æðsta menntastofnun landsins, beri að viðurkenna loftslagsvána með því a.ð að lýsa yfir neyðarástandi og standa við mælanleg markmið á sviði kolefnishlutleysis.

7.2 Grænn háskóli

Stúdentaráð telur mikilvægt að háskólinn verði að grænum háskóla fyrir heilsu umhverfisins og skólasamfélagsins. Háskóli Íslands varð Grænfánaskóli frá og með mars 2020. Verkefnið er samvinnuverkefni umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs og skrifstofu sjálfbærni- og umhverfismála Háskóla Íslands. Stúdentaráð ætlar sér að sinna verkefninu áfram og tryggja að háskólinn viðhaldi grænfánum.

Til þess að stuðla enn frekar að grænum háskóla má hér nefna: að láta einfaldar flokkunartunnur fylgja með öllum stúdentaíbúðum; þrýsta á betri kjör fyrir stúdenta hjá Strætó BS; þrýsta á að Bóksala stúdenta selji vörur sem styðja við þá sem nýta sér umhverfisvæna samgöngumáta; fjölga hleðslustöðvum fyrir rafbíla og rafhjól.

7.3 Grænkerafæði

Af tilstilli Stúdentaráðs hefur úrval grænkerafæðis aukist til muna í Hámu og mun ráðið áfram vinna að aukningu jafnt og þétt í góðu samtali við Félagstofnun stúdenta. Þá fer Stúdentaráð þess á leit við Félagstofnun stúdenta og Háskóla Íslands að stuðla að fræðslu og aukinni meðvitund í þessum efnum og væri þar fyrsta skrefið að innleiða kolefnisspor reiknivél fyrir matvæli. Það er í samræmi við markmið um sjálfbæra starfsemi í stefnu Háskóla Íslands, HÍ26.

8. Samgöngu- og skipulagsmál

Framtíð háskólasvæðisins felur í sér samþjöppun á starfsemi háskólans, þéttara skipulag og bætтар almenningssamgöngur. Uppbyggingin á svæðinu er þegar í góðum farveg og miðar rammaskipulag fyrir háskólasvæðið þar með að bíllausri borg innan um borg, frekari tengingu við nærumhverfið og sjálfbærri þróun með áherslu á öflugar grænar tengingar og opin svæði.

8.1 Skipulag háskólasvæðisins

Stúdentaráð hefur lagt ríka áherslu á að stefnan skuli vera sett á að byggja upp kjarna með allri grunnþjónustu í Vatnsmýrinni sem skuli þjónusta stúdenta, starfsfólk og nærliggjandi svæði. Ýmis þjónusta á svæðinu fer fram á Vísindagörðum, þar sem til húsa eru fjölmenn fyrirtæki og stofnanir. Stúdentaráð leggur ennfremur áherslu á að fá lágvöruverðsverslun á svæðið, heilsugæslu, apótek og annars konar tilfallandi þjónustu. Slík þjónusta stuðlar að sjálfbæru samfélagi, minnkun kolefnisspors, iðandi mannlífi og aukinni vellíðan.

Stúdentar, Háskóli Íslands og Félagsstofnun stúdenta ásamt samstarfsaðilum utan skólans á borð við Reykjavíkurborg verða að taka höndum saman þannig að framtíðarsýn þessi geti orðið að veruleika. Það er sameiginlegt hagsmunamál allra hlutaðeigandi að skapa gott og öflugt samfélag.

Skipulag, þjónusta og samgöngur til og frá Vatnsmýrinni hljóta að spila lykilhlutverk í framtíð höfuðborgarsvæðisins. Háskólasvæðið er og verður þungamiðja stofnleiða, sem kemur til með að vera mikil bót fyrir nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands, auk allra þeirra sem eiga leið á stærsta vinnustað landsins. Vegna þessa skulu allar ákvarðanir um háskólasvæðið vera teknar með umhverfisvernd að leiðarljósi. Það á að vera einkennandi fyrir háskólasvæðið okkar að forgangsraða hjólandi og gangandi vegfarendum, hafa fleiri hjólastíga og göngupveranir, fleiri skjólgóð og græn svæði.

8.2 Samgöngumátar

Mikilvægt er að almenningssamgöngur og vistvænir samgöngukostir séu eflir þannig að stúdentar og starfsfólk geti ferðast með umhverfisvænum hætti, en stúdentar við Háskóla Íslands eru margir búsettir víða á höfuðborgarsvæðinu og nærliggjandi sveitarfélög. Það verður að vera raunhæfur

valkostur að komast á milli staða á skilvirkan máta, hratt og örugglega án óþarfa kostnaðar fyrir fólkið og umhverfið.

Í fyrirhuguðu skipulagi Borgarlínu er gert ráð fyrir að hún nái inn í Vatnsmýrina og að við Háskóla Íslands séu biðstöðvar. Með tilkomu Borgarlínunnar stækkar svæðið sem nýtt getur verið undir starfsemi háskólans, fleiri stúdentaíbúðir og annars konar þjónustu, sem teygist jafnvel út í nágrennasveitafélög Reykjavíkur.

Stúdentaráð leggur áherslu á að stúdentum og starfsfólki Háskóla Íslands sé tryggt aðgengi að vistvænum samgöngukostum með innleiðingu samgöngukorta á hagstæðu verði, líkt og Stúdentaráð hefur þegar talað um sem U-passa og Háskólinn tekið mið af. U-passinn, eða Umhverfispassi, segir til um eitt meginmarkmiða samgöngukortsins sem er að minnka mengun og bílaumferð og efla umhverfisvænni ferðamáta. Passinn er að fyrirmynd U-pass sem þekkist erlendis og veitir aðgang að fjölmörgum samgöngukostum. Í þessu samhengi er vert að nefna að þjónusta næturstrætó er sérstaklega mikilvæg ungu fólki á grundvelli umhverfis-, öryggis-, menningar- og jafnréttissjónarmiða.

Ef ekki er gripið til aðgerða er fyrirséð að mikill vöxtur verði í umferð í Vatnsmýrinni og því er framtíð samgöngu- og bílastæðamála á háskólasvæðinu til umfjöllunar og greiningar. Áform eru um gjaldskyldu á lóðir Háskóla Íslands til að sporna gegn vexti í umferð og stuðla að breyttum ferðavenjum. Það er fagnaðarefni að Háskóli Íslands hætti að borga undir óumhverfisvæna fararmáta og byrji að greiða með umhverfisvænum samgöngum í staðinn.

8.3 Örflæðilausnir

Fleiri samgöngumáttar verða að fylgja breytingum á háskólasvæðinu og ber þar helst að nefna örflæðilausnir, einna helst í ljósi þess að framþróun á svæðinu kallar á fleiri græn svæði og færri bílastæði auk tilheyrandi bílastæðagjalda. Yfirbyggð hjólaskýli og góð aðstaða fyrir þau sem kjósa að ferðast milli staða hjólandi eða gangandi verður að vera til staðar í húsakynnum skólans, ásamt deilihjóra og rafhlaupahjólalausnum.

9. Alþjóða- og menningarmál

Háskóli Íslands er alþjóðlegur skóli og því er mikilvægt að berjast fyrir því að kjör þeirra sem að koma hingað til þess að læra, fái sem allra besta þjónustu. Aukin alþjóðavæðing á heimsvísu gerir það að verkum að kröfur á Háskóla hafa breyst og þróast. Háskólar bera þá skyldu að undirbúa nemendur undir vinnumarkaðinn og heiminn sem bíður þeirra eftir að formlegu námi er lokið. HÍ26 markast af þessum breyttu kröfum og setur Háskólinn sér þar háleit markmið þegar það kemur að alþjóðavæðingu. Stúdentaráð starfar í krafti nemenda og leitast að því að skapa háskólasamfélag sem kemur til móts við fjölbreyttan nemendahóp skólans, þ.m.t. alþjóðanema.

9.1 Staða Alþjóðafulltrúa

Árið 2019 var staða Alþjóðafulltrúa sköpuð og er það stöðugildi mikilvægur liður í því að auka tengsl og þjónustu við alþjóðlega nemendur auk þess sem hann tekur fyrir málefni nemenda af erlendum uppruna. Alþjóðafulltrúi gegnir embætti forseta alþjóðanefndar. Hann starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og gegnir hlutverki þjónustuaðila við erlenda stúdenta við Háskóla Íslands sem geta leitað til hans með fyrirspurnir varðandi háskólavistina sem og annað sem snýr að dvöl þeirra hérlandis.

Skyldur Alþjóðafulltrúa samkvæmt starfslýsingu eru í raun tvíþættar, annars vegar snúa þær að alþjóðanemendum hér á landi og hins vegar að alþjóðlegu samstarfi háskólans á erlendri grundu. Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands starfar sem trúnaðarmaður allra erlendra nema og skiptinema Háskóla Íslands. Fulltrúinn skal tryggja að þau sem leiti með hagsmunamál sín til skrifstofu Stúdentaráðs fái aðstoð og leiðbeiningar varðandi úrlausn þeirra. Alþjóðafulltrúi skal tryggja aðgengileika á skrifstofu Stúdentaráðs fyrir alla erlenda nema. Þá skal alþjóðafulltrúi tryggja að stefna Stúdentaráðs til framtíðar sé erlendum nemendum og skiptinimum við Háskóla Íslands til framdráttar og stuðli að bættum hag þeirra.

Alþjóðafulltrúi ber ábyrgð á mentor kerfi og og skal tryggja sýnileika og aðgengileika þess. Kerfið veitir alþjóðanemendum stuðning, bæði skiptinimum og nemendum í fullu námi, og hjálpar þeim að kynnast starfsemi háskólans sem og landinu sjálfu með því að para nemendur við svokallaðan „mentor“ sem þekkir aðstæður hér á landi og kann á skólann. Jafnframt ber alþjóðafulltrúi ábyrgð á að tryggja sýnileika allra viðburða fyrir erlenda nema.

9.2 Aurora samstarfið

Stúdentaráð er með tvo fulltrúa í Stúdentaráði Aurora, samstarfsneti tíu háskóla í Evrópu. Annar þeirra er valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ en hinn er alþjóðafulltrúi SHÍ og vinna þessir fulltrúar samkvæmt stefnu SHÍ innan samstarfsins. Alþjóðafulltrúi stuðlar að góðu upplýsingaflæði milli Stúdentaráðs, skrifstofu SHÍ, skrifstofu alþjóðasamskipta og Aurora um öll þau málefni sem tengjast Aurora. Þetta getur m.a. falið í sér að kynna verkefni eða mál innan Aurora sem tengjast Stúdentaráði á fundum Stúdentaráðs.

Alþjóðafulltrúi stuðlar sömuleiðis að skilvirku starfi innan Aurora samstarfsnetsins og hefur samráð og samskipti við aðra stúdenta innan samstarfsins. Fulltrúinn skal vinna að öllum þeim verkefnum innan Aurora sem starfið krefst, í samráði við skrifstofu SHÍ og skrifstofu alþjóðasamskipta.

Tvisvar á ári mæta fulltrúar Stúdentaráðs á ráðstefnur hjá Aurora samstarfinu sem skólarnir innan samstarfsins skiptast á að halda. Þar, sem og annars staðar gætir Alþjóðafulltrúi hagsmuna stúdenta háskólans og ber honum að skila inn skýrslu til Stúdentaráðs eftir hverja ráðstefnu.

10. Heilbrigðismál

Heilbrigðisþjónusta Háskóla Íslands felur í sér úrræði sem stuðla að bæði andlegri og líkamlegri heilsu. Áfram skal halda utan um þau geðheilbrigðisúrræði sem þegar standa til boða, ásamt því að kanna regluglega hvort frekari úrræða sé þörf. Þjónustan hefur verið í góðum farvegi frá því að geðheilbrigðishópurinn við háskólann var stofnaður ásamt því að Stúdentaráð hefur staðið fyrir reglulegri gagnaöflun meðal stúdenta vegna málaflokksins. Vellíðan allra nemenda í Háskóla Íslands mun ávallt vera Stúdentaráði forgangsmál.

10.1 Heilbrigðismóttaka á háskólasvæðinu

Í þjónustukjarna framtíðarinnar á háskólasvæðinu er brýnt að sé til húsa heilbrigðismóttaka sem stúdentar geta átt greiða leið að, líkt og tíðkast víða erlendis. Það er mikilvægt að nemendur geti nýtt sér þjónustuna í nærumhverfi sínu, enda fjöldi stúdenta sem fer um háskólasvæðið daglega og búa margir þeirra á stúdentagörðum. Þá er mikilvægt að slík þjónusta geti verið fjölbreytt og höfði til þess stóra hóps sem stúdentar mynda. Það er sameiginleg ábyrgð þeirra sem koma að háskólasamfélaginu að stuðla að heilbrigði, vellíðan og bættum hag.

10.2 Geðheilbrigðismál

Geðheilbrigðisúrræði við Háskóla Íslands hafa tekið miklum framförum undanfarin ár. Sérstakur geðheilbrigðishópur var stofnaður árið 2018 af tilstilli stúdentahreyfingarinnar og sér hann um skipulag og útfærslu þjónustunnar innan háskólans. Stúdentaráði er mjög annt um öryggi og vellíðan stúdenta og hefur lagt ríka áherslu á að stúdentar geti sótt sér viðeigandi geðheilbrigðisþjónustu innan veggja Háskóla Íslands. Stúdentaráð telur það brýnt að stjórnvöld og skólayfirvöld hugi að velferð stúdenta og sýni stuðning í verki með tryggri og varanlegri fjármögnun í málaflokkinn.

Þá telur ráðið að nemendur sem glíma við andleg veikindi eiga að vera mætt af eins miklum skilningi og njóta sama rétt og nemendur sem eru með önnur veikindi. Mikilvægt er einnig að hafa í huga að fjölbreytt flóra stúdenta kallar á ólík úrræði til að mæta þörfum þeirra. Það verður því að stuðla að annars konar úrræðum innan skólans, svo sem félagsráðgjöf, til að aðstoða við málefni er tengjast öðrum félagslegum þáttum í lífi fólks.

